

Ekki tekið tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti í fjárfestingaráðgjöf

Yfirlýsing þessi er gerð í samræmi við b-lið 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“). Umrætt ákvæði krefur aðila á fjármálamarkaði um að upplýsa viðskiptavinum sínum um afstöðu þeirra til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingaráðgjöf sinni.

Acro verðbréf hf. (hér eftir nefnt „Acro“ eða „félagið“) tekur ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingaráðgjöf sinni að svo stöddu. Félagið telur sig ekki geta framkvæmt hæfilegt mat á neikvæðum áhrifum fjárfestinga sinna á sjálfbærniþætti á meðan ófjárhagslegar upplýsingar frá félögum eru enn af skornum skammti, auk þess sem þær upplýsingar sem eru fyrir hendi eru ekki samræmdar og gæði þeirra oft á tíðum ófullnægjandi. Acro er lítið félag með fá starfsgildi og hefur, eins og sakir standa, ekki bolmagn til þess að leggja sjálfstætt mat á neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti með viðhlítandi hætti. Acro hyggst taka tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingaráðgjöf sinni þegar það verður viðráðanlegt og raunhæft fyrir félagið, að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs starfseminnar, og afstaða Acro hvað þetta snertir verður reglulega endurskoðuð.

3. október 2023